

4. gr.

20

Sveitarsjóður Hrunamannahrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar kunna að valda við störf sín. 26. febr.

5. gr.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálpi að nokkru eða öllu leyti að fengnum tillögum stjórnar kvenfélagsins.

6. gr.

Fyrir heimilishjálpi skal greiða kr. 60.00 á dag. Hjálparstúlka skal fá endurgjaldslaust fæði og húsnæði á vinnustað. Hreppsnefndin setur reglur um greiðslu, innheimtu og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni og annast fjárreiður stofnunarinnar.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðs.

8. gr.

Sá halli, sem verða kann af heimilishjálpi, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálpi og samþykkt þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr rikissjóði, en að $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði Hrunamannahrepps.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. febrúar 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

21

4. marz

um breytingu á reglugerð nr. 95 28. júní 1957 um skatt á stóreignir.

1. gr.

Kærufrestir samkv. 2. málgr. 23. gr. ofanefndrar reglugerðar breytast þannig, að í stað 20 daga komi 40 dagar og í stað 30 daga komi 50 dagar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. heimild í lögum nr. 44/1957 um skatt á stóreignir, sbr. lög nr. 46/1954, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 4. marz 1958.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.